

# YRKJA IV

---

YRKJA er starfsþróunarverkefni Tónverkamiðstöðvar fyrir tónskáld. Verkefnið parar saman valin tónskáld úr ólíkum áttum við úrval íslenskra listastofnanna. Hér er auglýst eftir umsóknum um þátttöku í YRKJU með Sinfóníuhljómsveit Íslands sem stendur yfir frá 9. maí 2018 til 3. febrúar 2019.

Markmið YRKJU er að veita nýjum tónskáldum hagnýta reynslu í upphafi starfsferils þeirra. Verkefnið undirbýr tónskáld fyrir faglega vinnu með stærri hljómsveitum, hátíðum og öðrum listastofnunum hérlendis og erlendis. Tónskáldið fær tækifæri til að þróa hæfileika og listrænan metnað, fær starfsreynslu og myndar mikilvæg tengsl innan tónlistargeirans.

Að þessu sinni bjóða Tónverkamiðstöð og Sinfóníuhljómsveit Íslands tveimur tónskáldum að verja tímabilinu frá 9. maí 2018 til 3. febrúar 2019 í YRKJU undir handleiðslu Önnu Þorvaldsdóttur, staðartónskálds Sinfóníuhljómsveitarinnar. Tónskáldin munu fá innsýn í innra starf hljómsveitarinnar, þróa færni sína í að semja verk fyrir sinfóníuhljómsveit og að endingu verða verkin flutt á sérstökum tónleikum á Myrkum músíkdögum 1. febrúar 2019. Tónskáldin munu jafnframt fá tækifæri til að vinna náið með hljóðfæraleikurum í sérstakri tónskáldastofu. Verkefnastjórn YRKJU hvetur bæði karla og konur að sækja um.

Áhersla er lögð á ferli listsköpunar og munu þátttakendur í YRKJU verða hvattir til að þróa hugmyndir sínar og aðferðir við sköpun. YRKJA hlúir að starfsferli tónskáldanna og mun því verkefnið fela í sér ráðgjafaviðtöl í Tónverkamiðstöð um starfsferil tónskáldins.

---

## UMFANG

- Tónskáldið skal semja 10 mínútna hljómsveitarverk á verkefnistímanum og fær tækifæri til að vinna það í vinnustofum, tónskáldastofu og æfingum undir handleiðslu Önnu Þorvaldsdóttur.
- Verkið skal vera fyrir staðlaða stærð SÍ, án einleikara, rafhljóða, eða annarra aukahljóðfæraleikara.
- Gert er ráð fyrir a.m.k. 30 starfsstundum þar sem tónskáldin starfa í samvinnu við hljómsveitina og Önnu.
- Tónskáldin skulu skrá og skila fullunnum og prenthæfum nótum (raddskrá og röddum) til Tónverkamiðstöðvar á rafrænu formi sem miðstöðin mun sjá um að útbúa fyrir hljómsveitina á pappír.

---

## VERKÞÆTTIR

- Tónskáldið kynnist innviðum Sinfóníuhljómsveitar Íslands; tónleika- og hljómsveitarstjórnun, nótnasafni, markaðssetningu og fræðslustarfi, fundum um áætlanagerð, æfingaplani, tónleikum og upptökum. Gæti innifalið tíma með hljóðfæraleikurum á æfingatíma til að þróa einstök hljóðfæri eða þróa hugmyndir.
- Tónskáldið fær aðgang að öllum æfingum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á verkefnistímanum.
- Tónskáldið mætir á kynningardag Sinfóníunnar í Hörpu.

- Tónskáldið þróar hljómsveitarverk undir handleiðslu Önnu Þovaldsdóttur.
- Tónskáldið mætir í Tónskáldastofu, allar vinnustofur og aðalæfingu, tónskáldahittinga og starfsþróunarviðtöl Tónverkamiðstöðvar og er viðstaddur YRKJU-tónleika.

## TÍMALÍNA BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR

DAGSETNING	VERKÞÁTTUR
9. mars 2018	Auglýst eftir umsóknum.
1. apríl 2018	Umsóknarfresti lýkur.
13. apríl 2018	Svör við umsóknum.
9. maí 2018	Heimsókn þátttakenda til Sinfóníuhljómsveitarinnar, kynning á starfsemi.
9. maí 2018	Vinnustofa – Mentor og tónskáld.
16. maí 2018	Starfsþróunarviðtal í Tónverkamiðstöð.
júní/júlí 2018	Vinnustofa – Mentor og tónskáld. Dagsetning ákveðin í upphafi verkefnis í samráði við þátttakendur
8. júlí 2018	Skil á efni til Tónverkamiðstöðvar fyrir Tónskáldastofu. Nótum skilað til SÍ viku síðar.
27. ágúst 2018	Tónskáldastofa með mentor og hljóðfæraleikurum SÍ.
5. nóvember 2018	Vinnustofa – Mentor og tónskáld.
9. desember 2018	Lokaskil á efni til Tónverkamiðstöðvar fyrir YRKJU-tónleika. Nótum skilað til SÍ viku síðar.
28.-31. janúar 2019	Æfingar SÍ fyrir Myrka músíkdaga og YRKJU
1. febrúar 2019	YRKJU-tónleikar (hljóðprufa og tónleikar).
3. febrúar 2019	Starfsþróunarviðtal í Tónverkamiðstöð.

## VALFERLI

Fimm manna dómnefnd fer yfir allar umsóknir og tvö tónskáld verða svo valin til þátttöku í verkefninu. Dómnefnd leitast við að viðhalda jöfnum kynjahlutföllum í verkefninu. Formaður dómnefndar er Anna Þorvaldsdóttir. Öllum umsóknum verður svarað og er niðurstaða dómnefndar endanleg.

## HVER GETUR SÓTT UM?

- Verkefnið er ætlað tónskáldum sem eru á fyrri hluta starfsferilsins. Þess vegna verður umsækjandi að hafa útskrifast með gráðu í tónsmíðum eða tengdu námi á síðustu 10 árum.
- Verkefnið er öllum opið óháð aldri.

- Umsækjandi skuldbindur sig að mæta í öll viðtöl, vinnustofur, tónskáldastofur og tónskáldahittinga verkefnisins. Sjá nánar í tímalínu.
- Umsækjandi skuldbindur sig til að gefa verkefninu góðan tíma og má ekki vera í of mörgum öðrum verkefnum á sama tíma.
- Með þátttöku í verkefninu gefur það tónskáld sem er valið kost á sér í kynningu fyrir verkefnið, t.d. með ljósmyndun, viðtölum við fjölmiðla o.fl. í þeim dúr eftir því sem þörf krefur.
- Umsækjandi verður að líta á verkefnið sem stórt tækifæri á sínum ferli.

---

## INNIHALD UMSÓKNAR

- Nafn, kennitala, heimilisfang, netfang og sími.
- Tenglar á heimasíður og samfélagsmiðla eftir því sem við á.
- Mynd af umsækjanda.
- Ferilskrá (CV) – hámark 2 A4 bls.
- Ferilsaga (Biography) - hámark 100 orð.
- Umsóknartexti þar sem umsækjandi segir frá því af hverju hún/hann hefur áhuga á að taka þátt í verkefninu. Hámark ein blaðsíða í A4 stærð. Vinsamlegast tilgreinið eftirfarandi atriði:
  - Hugmynd að verki sem þú vilt vinna á verkefnistímanum
  - Af hverju hefur þú áhuga á að taka þátt í verkefninu?
  - Hvað telur þú að þú munir læra af þátttöku í verkefninu?
- Hvað annað hefur þú á dagskrá á verkefnistímanum? Telur þú þig hafa tíma til að sinna verkefninu vel?
- Raddskrá af tveimur til fimm verkum. Verkin verða að vera nýleg, ekki eldri en fimm ára, og a.m.k. eitt þeirra skrifað fyrir fleiri en 12 hljóðfæraleikara. Með verkunum má gjarnan fylgja upptaka eða vídeó, en það er þó ekki nauðsynlegt.

Ef umsókn uppfyllir ekki ofantalin skilyrði verður hún ekki tekin til greina.

---

## UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 1. APRÍL

Umsóknarfrestur stendur til og með 1. apríl og skal skila umsóknum rafrænt í tölvupósti á [signy@mic.is](mailto:signy@mic.is). Vinsamlegast setjið „YRKJA IV, umsókn með SÍ“ í efnislínu (subject). Öll gögn skulu send á .pdf formi (enginn umsóknartexti í efnismáli tölvupóstsins), nema mynd sem má vera .jpg eða .png. Hljóddæmum og vídeóum skal skilað sem tengli á vefsvæði s.s. Vimeo, YouTube, Soundcloud eða Dropbox.

Vinsamlegast beinið öllum fyrirspurnum um umsóknir til Signýjar Leifsdóttur, framkvæmdastjóra Tónverkamiðstöðvar, [signy@mic.is](mailto:signy@mic.is)